

The Dominion Bank

Banki með fjárfestingum og vaxningum

Höfuðstöð, upp. \$ 5,000,000

Varasjóður \$ 7,700,000

Allar eignir, yfir \$ 120,000,000

Stærstak stýrð veitt viðsköttum kaupmanna og verslunarátaka

Sparisjóðsáttálin.

Vextir af innstæðum greiddir jafn hátt og annarsstaðar vaxningi.

PHONE 4 2222

P. B. TUCKER, Ráðgjafi

Sjálftjórn.

(Framhald frá 3. síðu)

mynd og um leið létta undir byrði móðurinnar með síðfræðiskenningu.

Eins finst mér að þórf væri á fleiri sérstökum stofnunum þar sem ungdómnum væri kent sérstaklega síðfræði og sálfræði.

sem eru tveir lærdómsgreinar svo nafn náskyldar.

Af því þessi mál hafa ofsaldan verið tekin til umræðu í okkar íslensku blöðum hér vestan hafa þá vildi ég óska að þessir smáþingir í greinarstúf mínum, ef því verður veitt móttaka í blöðin, gætu vakið einhverntíð til að láta álit sitt í ljósi þessu máli viðvikjandi, því mér finst að oft hafi verið rætt óþarfara.

Eg veit að þeir eru til margir, bæði ungir og gamlir, leiðandi menn og konur, í okkar litla þjóðflokki, jafnvel hér í Winnipeg, og mér finst hér liggja verkefni þeirra.

Mér dettur stundum í hug þegar sumt af þessum leiðandi mönnum eru að berjast sem hetjur fyrir umbótum á stjórnfyrirkomulagi, eru þeir virkilega vissir um að þeir séu að byrja á rétta endanum.

Verður nokkurtíma það til, hvernig sem barist verður, sem gerbreytir stjórnarfyrirkomulagi, nema réttur skilningur á lífnaðarháttum og þekking á sjálfum sér og kringumstæðunum, og alt það leiðandi fólk sem ber velferðarmál almennings fyrir brjóstinu, hlýtur að sjá hvað þýðingarmikill er að byrja á starfinu víðar en í heimahúsum, í þessu málefni sem öðru.

Eg vona að einhver láti einhverja athugasemd í ljósi.

—Y.—

Stjórnarstefna Frakka.

A stríðsárenum voru Frakkar vins elasta bandamanna. Nú hefir þetta nokkuð breytt og liggja til þess mörg rök. Kólnað hefir vinátta Bretar og Ítala til Frakkna. Og Rússar og Þjóðverjar telja Frakka mestu og harðastu stöðvandi andstæðinga sína.

Banda ríkjameinn og Pólverjar munu helztu vinir Frakka nú sem stendur, og gengur þó misjafnt til.

Fyr er skýrt frá, hversu hið lága gengi og iðnaðarsamkeppi Þjóðverja hefir sett Breti á vanda svo að þeir vilja fremur hjálpa Þjóðverjum en þola samkeppi þeirra. Rússar voru stórkuldugir Frökkum frá keisarátíðunum, Áttu miljónir franskra borgara sparifé í Rússlandi. Höfðu hjálpað Rússum til að efla þá til banda, sags móti væntanlegum hernaði Þjóðverja. Nú vildi stjórni Lenins ekki viðurkenna þessar skuldir, heldur láta þær falla. Þóttu alþýðumanna í Frakklandi þetta harðir kostir, enda hafa Frakkar gert flest sem í þeirra valdi stóð til að brjóta vald Bolshévika á bak aftur. Í vettur hafa Rússar látið líklega að viðurkenna skuldarnar og borga það af þeim, sem þeir væru menn til, en ekki hefir þetta aukid mikið trúnað milli hinna gömlu samherja.

Stríðið var háð í Frakklandi, Mörg af beztu heruðum landsins voru geryðilögð, en fólkid drep-

ð eða stókt á flotta til annara héraða. Þessi héruð eru enn í rústum, og verða að miklu leyti í rústum um mörg ár. Franska þjóðin, sem var ríkust allra þjóða fyrir stríðið, er nú í óþotnandi skuldum. Með lamaða atvinnuvegi, gífurlega skattabyrði, óhagstætt gengi, og helmingi karlmanna á bezta aldri lagða í grófina. Um þetta höl alt, um allar hörmungar stríðsins og afleiðingar þess, kenna þeir Þjóðverjum. Og nú hafa Þjóðverjar tapað stríðinu og orðið að jata að bæta skaðann, a. m. k. að nokkru leyti. Meist af sárasta tjóninu verður ekki bætt með fé.

En ofan á þetta bættist uggr Frakka við hefndarstríð frá hálfu Þjóðverja. Þeir segjast þekkja af langri reynslu hugarfarar náðans austan Rínar, Þeim sé aldrei að treysta. Þeir trú á valdið, og beygi sig eingöngu fyrir valdi. Þessvegna sé ekki um annað að gera en láta Þjóðverja bæta skaða þann, er þeir hafi gert. Þessvegna verði að afvopna Þjóðverja og einangra þá. Annars komi þeir með nýjan og eyðileggjandi ófrið eins og 1914.

Frakkar hugsa allra manna ljósaast. Kemur það fram í ræðu og riti og líka í gerðum. Þeir vilja að Versalafríðunin sé efnður, hvorki meira né minna. Og þeir vilja að bandamenn þeirra úr stríðinu, einkum Bretar, styðji þá að málum. Frakkar hugsa nú eins og 1918—19. Þeir sjá enga ástæðu til að breyta um skoðun. Gerðar sættir og samninga verði að halda. En Bretar hafa skift um skoðun, og Ítali líka, og mikill af hlutlausu þjóðunum. Yfirgangur Þjóðverja er fallinn í gleymasku, eftir að herveldi þeirra er brotið. Almenningsálitið er gleymdi, og dómar þess ekki haldgöðir. Frökkum verður að því, þeir hafa ratað í þungar raunir. Þeir hafa haft með sér árnaðróskir flestra hlutlausra þjóða meðan þeir börðust fyrir lífinu. En sigurinn, og það að framfylgja gerðum samningi hefir rænt þá miklu af sigurlaunum. Réttlætisfinning þeirra hefir orðið að svifta þá vinum.

—Timinn.

DANARFREGN.

Það hefir dregist að minnast á lát einnar merkiskonu hér í Eyfjord-bygd. Kristjónu Stefánsson, sem andaðist að heimili sona sinna sunnudaginn 6. nóv. 1921.

Kristjana sál, var ekkja Armanns Stefánssonar, sem dó tæpum átta mánuðum á undan henni. Hjón þessi bjuggu yfir 30 ár í þessari bygð og eignuðust ellefu börn; sjö af þeim dóu í æsku, en fjögur eru á lífi; öll mannvænleg og vel gefin. Líka átti hún tengda son og tengdadóttur og þrjú systkini, og voru allir þessir ættingjar hennar svo lánsamir að geta fylgt henni til síðustu hvíldar.

Eins og við öll þekkjum, fylgja húsnóður og móðurstörfunum einlægir erfiðleikar, ekki ázt þeim sem hafa við heilsuþrezt að búa, eins og þessi kona hafði, og mátti með sanni segja að æfibráut þessrar konu hafi verið mjög þyrn- um stráð, þar sem hún í blóma lífsins, aðeins 30 ára, varð fyrir því mikla mótlæti að missa málið og mikið af sínum líkamarkröftum, og þar hún þann þunga kross til dauðans og var það langur tími, því hún var 58 ára er hún andaðist. Kristjana sál, var mesta myndar kona, vel greind og hafði altaf heilbrigða sál. Hún hafði mikla seguðartilfinningu og hana langaði til að fylgjast með öllu sem var gott og gófgt. Hún var höfðingi í hund og langaði til að gleðja alla sem bágð áttu, þó kraftarnir leyfðu það ekki. Drottinn leggur oft líkn með þraut; hún hafði góða heyrn og sjón. Oft heyrði eg þunga stunu líða frá vörum hennar, því hún gat ekki öðruvísi kvartað. Eg veit að börn um hennar leiðist að koma inn í húsið og sjá rúmið hennar autt.

Því hún var ástríkt og góð móðir. Sú sem þetta ritar, er glöð hennar vegna, að hún er búin að fá sína langþráðu ósk uppfyllta, að vera laus við sitt líkamaból. Líka þakka eg henni fyrir alla þá góðu viðkyrningu sem eg hafði af henni í meir en 18 ár. Kristjana sál, skilur eftir margar hlýjar endurminningar í hjörtum þeirra sem þektu hana, og sáum við það bezt á því, hve mikill fjöldi fylgdi henni til hinnar síðustu hvíldar.

Hún var jarðsungen þann 10. s. m. af séra Páli Sigurðssyni, og var hún fjórða manneskjan úr Stefánsson fjölskyldunni sem lögð var til hvíldar í Eyfjord grafreitnum á þessu síðasta ári.

Eg bið algöðan guð að styrkja börnin hennar og alla ástvinina sem hafa orðið fyrir þessum mikla ástvinamissi.

Drottinn blessi minningu hinnar látnu.

Fiskiveiðar bjarnarins.

Refurinn, sem hafði troðið sig út á gömsætu nýmetinu, sat nú og sleikti með ánægju út um. Stór fiskihruga lá við hlið hans. Þá kom björninn læbbandi út úr skóginum. "Góðan daginn, refur frændi." — "Góðan daginn, björn kunningi!" — "Hvar í sósköpunum hefir þú veitt alla þessa fiskamergr?"

"Eg hefi nú veitt hana ívatninu því arna." — "Það er dæmalaust! Viltu ekki kenna mér að fiska?"

"Hjartans velkomið, betri frændi minn!"

"Nú og hvernig ferðu þá að því?"

"Það skal eg segja þér. Eitt-hvert kvöldið, þegar frost er mikið, þá skaltu fara niður að vök inni á ísnunum. Rektu svo rófunu niður í vökina og sittu svo grafkyr til morguns. Dragðu svo rófunu upp; hanga mun þá fiskur á hverju hári. Þannig fer eg að fiska."

"Þakka þér fyrir, refur frændi! Þetta var gott ráð."

"Ekki að þakka, bangsi minn, verði þér að góðu."

Þetta sama kvöld var hörkufróst. Björninn minnst ráðsins og gekk niður til vakarinnar. Þar settist hann og stakk skottinu niður í vatnið. Eftir nokkra stund fanst honum eitthvað kippa í skottið. Vard hann þá glaður, því hann þóttist vita, að það væru fiskarnir að bíta á.

"Eg skal sitja eins og steinn; eg væ víst ágætast aflla."

Nú sat bangsi til morguns. Um nóttina fraus vökinn saman utan um skottið. En er birninum tók að leiðast, ætlaði hann að draga upp fiskana sína. Hann rykti í, en allt var fast. Fann þá björninn, að hann var orðinn fastur við ísinn og mátti sig hversu hrætt.

Refurinn kom nú þar fram hjá á morgungöngu sinni og sá hve björninn var illa staddur. En refurinn var hinn mesti skákur. Ekki datt honum í hug, að hjálpa birninum. Þar á móti hljóp hann heim að kofa fiskaranna, klifraði upp á þakið og hrópaði niður í gegnum reykhláfinn: "Kæra kella mín, flýttu þér niður að vatninu. Þar situr björninn með skottið út í vökinni, sem þú sækir vatnið úr."

Kerlingin var að strokka. Hún varð bálreið, greip lurkinn sinn og þaut niður að vatninu. "Óþokk inn þinn, bangsi, hvað ertu að gera í vökinni minni. Eg skal kenna þér betri siði."

Síðan klappaði hún birninum af öllum kröftum. Nú varð veslinga bangsi innaðum staddur. Hann reyndi til að losa sig, og kipti fastara og fastara í. Hörmulega fór það, því loksins slitaði af honum skottið. Síðan er björninn rófulaus.

Það er af refinum að segja, að hann læddist inn í kofann, sem konan hafði skilið eftir ólokaðan. Þar velti hann strokknum um koll. Síðan fékk hann sér góða máltíð af hálfaköknum rjómanum.

Vel hepnast refinum skálka-brögð þessi, og þó misti hann meira en björninn hafði mist; því

við þetta misti hann alla sína vini, og síðan trúir enginn hinum brögðótta ref.

Kjölturakki og veiðihundur.

Kjölturakki: Aldrei vildi' eg í vetrarfrosti Vinna svo strangt fyrir mögnum kosti.

Veiðihundur: Skömm væri inni að væflast og vola.

Að verða sér úti um einn sykurmola.

Kjölturakki: Ætíð á dunnjúkum blunda eg beði.

Veiðihundur: Að bruna' um skóginn það er mín gleði.

Veiðihundur um runnana rann Rökur og marga bráð sér fann: Kjölturakkin kúrdi' ætíð heima Og kærði sig ekki um aðra geima, Vappaði kringum kirnur og potta og kunní bara að urra' og dotta. Fáum kær hann kúrdi á fleti Og kafaði einast úr fitu og leti.

Svölurnar og spörfuglamir.

Tveir svölur voru að gera hreiður yfi fjösdrym uppi. Þá kom spörfugl þar að og flaug inn í hreiðrið. Er svölurnar urðu þess varar, reyndu þær að reka hann út. En spörfuglinum þóknaðist ekki að þoka; hann beit þær, er þær ætluðu inn. Þá sáu menn undarlegan atburð. Þessar tvær svölur óttu stóran hóp af öðrum evólum til hjálar. Allar svölurnar komu með leirugan hálm í nefinu. Síðan byrðu þær með þessu hreiðurorði. Þar hefði svo spörfuglinn soltið í hel, ef drengur, sem horfði á þetta, hefði eigi hjálpað honum út. Svölurnar fengu hreiðrið sitt aftur. Þar máttu þær ekki yndi festa, en gerðu sér hreiður á öðrum stað.

Skjórinn.

Skjórinn er fugla stelvisastur, og er hér litil saga um hann. Á herraárinum einum þar svo við, að silfurkeið hvarf, svo enginn vissi, hvar hún var niðurkomin. Grunsemd gat á engan fallið nema veslings vinnustúlku, sem fægt hafði silfuráhöldin, þá er borðið var af borðum. Hún var sökud um skeiðarhvarfið, og kærð fyrir þjófnad. Hún játaði að visu ekki á sig sökina, en þar sem hún gat ekki sannað sakleysi sitt, var henni varpað í fangelsi. Tinn skjór átti heima á herra-graðinum; hann var vanur að hoppa út og inn eftir vild sinni. Einmitt þegar aumingja stúlkan átti að fara að taka út refsinguna, hágaði guð því svo til, að sakleysi hennar kom í ljós. Drengur einn fann fylgisi skjórens efst uppi undir mænisingum, þar lá silfur-skeiðin týnda. Þar fanst og margt annað, er horfið hafði og enginn vitaði, hvað af var orðið. Stelvisi skjórinn hafði borið það alt í nefninu inn í geymslu-skotið sitt.

Örninn.

Fiskimaður nokkur var í fiski-róðri. Hann varð þá sjónarvott-

ur að merkilegum bardaga. Hátt í lofti uppi flaug mikill örn. Rétt uppi við sjávarborðið synti stór gedda, sem var á veiðum eftir smáfiski. Örninn sá gedduna. Eins og skot þaut hann niður úr háa lofti. Hann festi hvassar klærnar í bakið á geddunni. Hann reyndi að lyfta henni upp úr vatninu til þess að fljúga burt með hana. Geddan var of þung fyrir hann. Geddan varð honum ofurelli. Þegar Örninn varð var við þetta, leitaðist hann við að losa klærnar. Hann strytaðist við með úþöndum vængjum. En honum tókst ekki að losna. Geddan reyndi einnig að kafa niður að grunni. En hún hafði ekki nóga krafta til þess að draga örninn með sér niður, þannig áttust þau við langa hrið, bæði þessi sterku rándýr. Loksins þreyttist örninn, Geddan stóð betur að vígi, því vatnið var þeimkynn hennar. Svo dró hún um öðri ávina sinn niður í djúpið. Þar druknaði örninn. En geddan gat ekki framur orðið laus við dauða örninn, sem sat fastur í baki hennar. Að nokkrum tíma lóðnum flaut hún upp og var þá dauð. Fundu menn þá beinagrind arnarinnar á gædduskrokknum.

Komið hefir það fyrir að örn hefir numið á burt smábörn, sem léku sér úti. Slíkt bar við einu sinni á Svisslandi. Þar eru afar há fjöll. Örninn tók barnið og flaug með það upp í hreiðrið til unga sinna. Hreiðrið lá á hárrí klöpp. Faðir barnsins vissi hvar hreiðrið var, og klifraði upp þangað. Þar fann hann barnið sitt á lífi hjá arnarungunum. Örninn varði hreiður sitt og var illur viðreignar. Eftir langan bardaga náði maðurinn barni sínu; var hann mjög sár og þrekaður; hann hafði veitt erminum bana. Seinna voru ungararnir sóttir og látnir halda lífi; þeir urðu spakir og vel tamdir. Til þess að þeir skyldu ekki flúga lurt, voru þeir vængjaklippiir. Aun ar vængurinn var gerður styttri en hinn. — Örninn er látinn tákna styrkleika og kraft, eins og ljónið. Sum stóru ríkin hafa arnarmynd í skajldamerki sínu. Önnur hafa ljón að ríkismarki.

Fyrrum var sá siður að tignir menn tömdu fáka til veiða. Hann var þá tekinn ungur. Síðan var hann settur í gjörð af tunnu, sem látin var snúast í hring í þrjá daga samfleytt. Fékk þá fálkinn ekki næði til að sofa. Af þessu varð hann svo ruglaður að hann gleymdi frelsi sínu. En eðlisfýs hans til að veiða fugla, var eftir, Konungadætur riðu út í skóg á gæðingum sínum, og sat fálkinn á öxl þeirra bundinn með reim. Ei þær festu við úlfnið sinn. Þegar vart varð í skógi þeirra fugla, sem þeim lék hugast á, var fálkanum slept. Flug hann þá og hremdi bráð sína. Eftir stundar-korn kom hann aftur með ráns-feng sinn. Slíkir fálkar voru keyptir í drym höfum. — Fáka höfundur vór leslendingar í merki voru.

Eiguleikar dýranna.

Sem höggormur séður sértu, En saklaus eins og dúfan vertu.

Ver snákur ei með tveimur tungum, En trausta-gripur á vegi þungum.

Ver ei sem tóan falaka' og fláa, En frómur eins og lambið smáa.

Ei ver sem kisa' er lævis liggur, En líkt og hundur trúr og tryggur.

Ei gráðugur ver sem vargur slægur, En ver sem geitin litillægur.

Ei hreykinn ver sem haninn slingur, En högvær eins og anjótlingur.

Sem api herm ei eftir neinum, Halt eins og laxinn vegi beinum.

Sem krabbinn öfugt eigi gaktu, En eins og svalan stefnu taktu.

Sem staðlaus kría' á steini' ei vertu en stöðugur sem fillinn sértu.

Sem gauður ei frá öllu segðu, En yfir leynd, sem fiskur þegðu.

Ver ei sem óhreint svinið svartur, Sem svanur vertu hreinn og bjartur.

Ei hræddur ver sem hérrinn lérka, En hugaður sem ljónið sterka.

Ei stirður ver sem sterkur boli, En stæltur eins og sprækur foli.

Þú ei skalt latur asni vera, Haf iðni maurains til að bera.

Ei ligg í hiði líkt og björninn, En lyptu þér upp hátt sem örninn.

Sem stragill ei þú átt að skriða, En eins og haukur fljúga víða.

Ei veila þú sem vælu-kjósi, En vertu glaður eins og spói.

Ei krunka þú sem krummy' í gori, Ver kátur eins og þröstur á vori.

Ei eins og rotta áttu' að sofa, En eins og lóan guð að lofa.

Sem mús þér ei í myrkrí hlífðu, Sem márinu upp í ljósið svífðu.

Nú kasta hamnum lírfu ljóta, En lyft þér upp sem fíðrildið skjóta.

Ein dægur-fluga er stutt við stirið, En starfaðu eins og kóraldýrið.

Já, margt er að varast, margt að gera, Á öxl þeirra bundinn með reim.

Par mega dýrin leiðsögn vera, V. B.

Sögur þær og ljóð sem í Barnagullum birtast að þessu sinni, eru tekin úr "Bók Náttúrunnar", eftir Zacarias Topelius. Þau börn sem ekki eiga þá bók, ættu að biðja pabba og mómmu að gefa sér hana, því með því að eiga þá bók og lesa hana og læra af henni, alá þau þrjár flugur í einu höggi: fræðast, læra íslensku og hafa skemtnu af því öllu.

STÖKUR.

Þá efasemi yfir veginn slær svo ilt frá göðu verður hart að greina,

sá má vera sannarlega fær, er sannleikahæð á þræsir götu beina.

Alt af var og efnasmár, ofútr nærri dauður hor; sít ei kyn þó sagna fár, sje eg mín um æfi spor.

Helgi Marteinsson

BARNAGULL.

ur að merkilegum bardaga. Hátt í lofti uppi flaug mikill örn. Rétt uppi við sjávarborðið synti stór gedda, sem var á veiðum eftir smáfiski. Örninn sá gedduna. Eins og skot þaut hann niður úr háa lofti. Hann festi hvassar klærnar í bakið á geddunni. Hann reyndi að lyfta henni upp úr vatninu til þess að fljúga burt með hana. Geddan var of þung fyrir hann. Geddan varð honum ofurelli. Þegar Örninn varð var við þetta, leitaðist hann við að losa klærnar. Hann strytaðist við með úþöndum vængjum. En honum tókst ekki að losna. Geddan reyndi einnig að kafa niður að grunni. En hún hafði ekki nóga krafta til þess að draga örninn með sér niður, þannig áttust þau við langa hrið, bæði þessi sterku rándýr. Loksins þreyttist örninn, Geddan stóð betur að vígi, því vatnið var þeimkynn hennar. Svo dró hún um öðri ávina sinn niður í djúpið. Þar druknaði örninn. En geddan gat ekki framur orðið laus við dauða örninn, sem sat fastur í baki hennar. Að nokkrum tíma lóðnum flaut hún upp og var þá dauð. Fundu menn þá beinagrind arnarinnar á gædduskrokknum.

Komið hefir það fyrir að örn hefir numið á burt smábörn, sem léku sér úti. Slíkt bar við einu sinni á Svisslandi. Þar eru afar há fjöll. Örninn tók barnið og flaug með það upp í hreiðrið til unga sinna. Hreiðrið lá á hárrí klöpp. Faðir barnsins vissi hvar hreiðrið var, og klifraði upp þangað. Þar fann hann barnið sitt á lífi hjá arnarungunum. Örninn varði hreiður sitt og var illur viðreignar. Eftir langan bardaga náði maðurinn barni sínu; var hann mjög sár og þrekaður; hann hafði veitt erminum bana. Seinna voru ungararnir sóttir og látnir halda lífi; þeir urðu spakir og vel tamdir. Til þess að þeir skyldu ekki flúga lurt, voru þeir vængjaklippiir. Aun ar vængurinn var gerður styttri en hinn. — Örninn er látinn tákna styrkleika og kraft, eins og ljónið. Sum stóru ríkin hafa arnarmynd í skajldamerki sínu. Önnur hafa ljón að ríkismarki.

Fyrrum var sá siður að tignir menn tömdu fáka til veiða. Hann var þá tekinn ungur. Síðan var hann settur í gjörð af tunnu, sem látin var snúast í hring í þrjá daga samfleytt. Fékk þá fálkinn ekki næði til að sofa. Af þessu varð hann svo ruglaður að hann gleymdi frelsi sínu. En eðlisfýs hans til að veiða fugla, var eftir, Konungadætur riðu út í skóg á gæðingum sínum, og sat fálkinn á öxl þeirra bundinn með reim. Ei þær festu við úlfnið sinn. Þegar vart varð í skógi þeirra fugla, sem þeim lék hugast á, var fálkanum slept. Flug hann þá og hremdi bráð sína. Eftir stundar-korn kom hann aftur með ráns-feng sinn. Slíkir fálkar voru keyptir í drym höfum. — Fáka höfundur vór leslendingar í merki voru.

Eiguleikar dýranna.

Sem höggormur séður sértu, En saklaus eins og dúfan vertu.

Ver snákur ei með tveimur tungum, En trausta-gripur á vegi þungum.

Ver ei sem tóan falaka' og fláa, En frómur eins og lambið smáa.

Ei ver sem kisa' er lævis liggur, En líkt og hundur trúr og tryggur.

Ei gráðugur ver sem vargur slægur, En ver sem geitin litillægur.

Ei hreykinn ver sem haninn slingur, En högvær eins og anjótlingur.

Sem api herm ei eftir neinum, Halt eins og laxinn vegi beinum.

Sem krabbinn öfugt eigi gaktu, En eins og svalan stefnu taktu.

Sem staðlaus kría' á steini' ei vertu en stöðugur sem fillinn sértu.

Sem gauður ei frá öllu segðu, En yfir leynd, sem fiskur þegðu.

Ver ei sem óhreint svinið svartur, Sem svanur vertu hreinn og bjartur.

Ei hræddur ver sem hérrinn lérka, En hugaður sem ljónið sterka.

Ei stirður ver sem sterkur boli, En stæltur eins og sprækur foli.

Þú ei skalt latur asni vera, Haf iðni maurains til að bera.

Ei ligg í hiði líkt og björninn, En lyptu þér upp hátt sem örninn.

Sem stragill ei þú átt að skriða, En eins og haukur fljúga víða.

Ei veila þú sem vælu-kjósi, En vertu glaður eins og spói.

Ei krunka þú sem krummy' í gori, Ver kátur eins og þröstur á vori.

Ei eins og rotta áttu' að sofa, En eins og lóan guð að lofa.

Sem mús þér ei í myrkrí hlífðu, Sem márinu upp í ljósið svífðu.